

3. fundur 4. maí 2015.

Mánudaginn 4. maí 2015 kom stjórn og varastjórn saman til fundar á skrifstofum stéttarfélaganna á 3. hæð suður og hófst hann kl. 19,15.

Dagskrá:

1. Útfærsla verkfallsaðgerða.

Formaður kynnti fyrir stjórnarmönnum væntanlegar verkfallsaðgerðir sem kynntar verða opinberlega á morgun (þriðjudag).

2. Greiðslur úr verkfallssjóði.

Formaður fór yfir hugmyndir um greiðslur úr verkfallssjóði ef til verkfalls kæmi.

Stjórnin samþykkti eftirfarandi tillögur:

Stjórn FVSA hefur samþykkt að dagana 28. maí til og með 5. Júní verði greitt 80% af launum en að hámarki kr. 16.200 á dag. Um er að ræða tveggja daga verkfall í senn í nokkrum atvinnugreinum. Í ótímabundnu allsherjarverkfalli er gert ráð fyrir greiðslu að hámarki 180 þúsund krónur á mánuði til félagsmanns í fullu starfi, en greiðsla yrði í samræmi við starfshlutfall. Fyrirhugað er að til allsherjarverkfalla komi frá og með 6. júní, ef ekki hefur verið samið fyrir þann tíma. Til að fá verkfallsdaga í maí greidda þarf að skila inn gögnum í síðasta lagi 15. júní og til að fá verkfallsdaga í júní þarf að vera búið að skila inn gögnum í síðasta lagi 15. júlí. Verkfallssjóður á miðað við þessar úthlutunarreglur að duga fyrir launum í 16 daga allsherjarverkfalli.

3. Þá samþykkti stjórnin að boða til félagsfunda á Akureyri, Siglufirði og Dalvík.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Eiður Stefánsson, Anna Kristín Árnadóttir, Sigríður St. Stefánsdóttir, Jón G. Rögnvaldsson, Agnes Reykdal, Anna María Elíasdóttir, Einar Hjartarson, Halldór Óli Kjartansson. Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.